

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarhúsabyggðar, áfanga II í landi Úteyjar I, Laugardalshreppi.

Sveitarstjórn Laugardalshrepps hefur þann 3. mars 1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar, áfanga II í landi Úteyjar I, Laugardalshreppi.

Deiliskipulagið er birt samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. mars 1998.

F. h. sveitarstjórnar,

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.

Nr. 179

16. mars 1998

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 448/1996, um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum.

1. gr.

4. gr. orðast svo:

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni og vörutegundir til gegndreyðingar trefja og slitþolinnna textílefna sem í er meira en 0,1%¹⁾ af pentaklórfenóli (PCP).

Bann við notkun PCP skv. 1. mgr. tekur ekki til notkunar í iðnaði þar sem losun út í umhverfið er bundin ákvæðum gildandi mengunarvarnareglugerðar, svo og ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Heildarmagn hexaklórdibensóparadíoxíns í viðkomandi efnum skal vera minna en 4 ppm²⁾. Óheimilt er að selja framangreind efni á almennum markaði. Þau má eingöngu selja eða dreifa í umbúðum sem eru a.m.k. 20 lítrar. Efni þessi skulu merkt sérstaklega, auk annarra lögbundinna merkinga, með skýru og óafmáanlegu letri með eftirfarandi áletrun: „Eingöngu til faglegra nota og notkunar í iðnaði“.

Óheimilt er að nota trefjar og slitþolin textílefni, sem gegndreypt hafa verið með efnum eða vörutegundum sem í er PCP í fatnað, áklæði eða teppi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 18. gr laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og í samræmi við 4. t.l., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. (Tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipun 91/173/EBE.)

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 16. mars 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

¹⁾ Hlutfall miðað við þyngd.

²⁾ ppm: Hluti af milljón.